


Afrakstur samráðs

Samantekt samráðsvinnu fyrir gerð
strandsvæðisskipulags á Austfjörðum



Austfirðir
STRANDSVÆÐIS-
SKIPULAG



1. Inngangur

Skipulagsstofnun vinnur að gerð strandsvæðisskipulags fyrir Austfirði í umboði svæðisráðs sem skipað er samkvæmt lögum nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða. Um gerð skipulagsins gilda lög um skipulag haf- og strandsvæða og reglugerð nr. 330/2020 um gerð strandsvæðisskipulags.

Strandsvæðisskipulagið er unnið í virku samráði við aðliggjandi sveitarfélög, opinberar stofnanir og félagasamtök, auk þess sem almenningi og öðrum hagsmunaaðilum gefst tækifæri til að koma að mótun strandsvæðisskipulagsins á mismunandi stigum. Skipaður hefur verið samráðshópur um gerð strandsvæðisskipulags Austfjarða sem í sitja fulltrúar ferðamálasamtaka, Samtaka atvinnulífsins, útivistarsamtaka og umhverfisverndarsamtaka. Nálgastr má upplýsingar um ferlið við gerð skipulagsins á vefsíðunni hafskipulag.is og þar má jafnframt koma á framfæri athugasemdum og ábendingum við vinnuna.

Lýsing fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum var auglýst í maí 2020. Samhliða kynningu lýsingar og meðan á söfnun forsendugagna stóð var haft samráð við hagsmunaaðila og almenning. Samráðið fór fram með tvennum hætti, annars vegar með opinni samráðsvefsjá og hins vegar með samráðsfundum.

Í þessari skýrslu er birt samantekt um afrakstur þessa samráðs, annars vegar um þær upplýsingar og ábendingar sem komu fram í samráðsvefsjónni og hins vegar þær ábendingar og hugmyndir sem komu fram á samráðsfundunum. Skipulagsstofnun færir öllum þeim sem tóku þátt í þessum þáttum samráðsins þakkir fyrir sitt framlag sem er mikilvægur þáttur í gerð strandsvæðisskipulags fyrir Austfirði.

2. Samantekt ábendinga og sjónarmiða í samráðsvefsjá

Í samráðsvefsjá um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum og Vestfjörðum, sem opnuð var í maí 2020, gafst öllum tækifæri til að koma á framfæri upplýsingum um hvernig íbúar og gestir nýta svæðið ásamt áherslum varðandi styrkleika svæðanna, áskoranir og tækifæri. Samráðsvefsjáið var opin í fjórar vikur í maí og júní. Hún var auglýst í Fréttablaðinu, Bændablaðinu og á vef Austurfréttar. Einnig var hún auglýst á vefmiðlum aðliggjandi sveitarfélaga og á vefjum Skipulagsstofnunar, skipulag.is og hafskipulag.is, ásamt Facebook-síðu og Twitter-síðu stofnunarinnar. Samráðsvefsjáið var vel tekið og voru heimsóknir á hana samanlagt á annað þúsund og ábendingar á korti og skrifleg svör hátt í þúsund.

Í samráðsvefsjáið gafst kostur á að koma á framfæri upplýsingum um hvernig svæðið er nýtt til útivistar, afþreyingar og nytja, með áherslu á starfsemi sem ekki er leyfisskyld, með því að merkja inn á kort hvar nýting fer fram og hvernig henni er háttáð. Einnig gafst kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum varðandi sérstöðu svæðisins og áskoranir og tækifæri á svæðinu til framtíðar. Lagðar voru fram eftirfarandi spurningar sem ýmist var hægt að svara með því að merkja inn á kort eða með skriflegum svörum:

Ferðaðþjónusta og útivist

- Hvar stundar þú þína útivist eða afþreyingu?
- Hvaða leiðir ferð þú þegar þú stundar útivist eða afþreyingu á svæðinu?

Nýting auðlinda

- Hvaða auðlindir nýtir þú og á hvaða stöðum?

Sérstaða, áskoranir og tækifæri

- Í hverju felst sérstaða svæðisins og hver eru helstu gæði þess að þínu mati?
 - Hvaða staðir eru mikilvægir fyrir sérstöðu svæðisins?
- Hverjar eru helstu áskoranir á skipulagssvæðinu?
 - Hvar má búast við hagsmunaárekstrum?
 - Hvar má búast við álagi á viðkvæm svæði?
- Hvað þarf að gera til þess að viðhalda sérstöðu svæðisins og nýta þau tækifæri sem það hefur upp á að bjóða?
- Hvernig má draga úr hagsmunaárekstrum á svæðinu?

Í samráðsvefsjáið gafst þátttakendum kostur á að gera grein fyrir hvort um væri að ræða einstakling eða fyrirtæki og eru gögnin flokkuð eftir því.

Eftirfarandi er samantekt á ábendingum um nýtingu strandsvæða Austfjarða og sjónarmiðum um framtíð svæðisins sem safnað var gegnum samráðsvefsjá um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum í maí og júní 2020. Annars vegar er um að ræða kort þar sem teknar eru saman þær ábendingar sem þátttakendur merktu inn á kort og hins vegar þau sjónarmið og ábendingar sem ritaðar voru inn í vefsjána.


2.1 FERÐAÞJÓNUSTA OG ÚTIVIST

Hvar stundar þú þína útivist eða afþreyingu?

Í samráðsvefsjána voru merktir inn 144 punktar með upplýsingum um hvar fólk stundar útivist og afþreyingu á svæðinu, sjá kort hér að aftan yfir ferðaþjónustu og útivist. Helst var gerð grein fyrir fuglaskoðun á svæðinu, útsýnisstöðum og annarri útivist eða afþreyingu. Sjá má þyrpingar punkta í fjörðum Norðfjarðaflóa, Eskifirði, Berufirði og Papey.


Í samráðsvefsjónni var útivist og afþreying skipt í eftirfarandi flokka: *útsýnisstaður, fuglaskoðun, selaskoðun, brimbretti, sjósund, lendingastaður, köfun og önnur útivist eða afþreying*. Þegar valmöguleikinn *önnur útivist eða afþreying* var valinn gafst aðilum kostur á að tilgreina frekar hvernig útivist viðkomandi stundar á svæðinu. Út frá þessum upplýsingum voru nýir flokkar skilgreindir þegar sama tegund útivistar eða afþreyingar var tilgreind margsinnis. Þetta voru flokkarnir *almenn útivist, fjöruganga, ganga, kajak og veiði*.

Ferðaþjónusta og útivist



Skipulagsstofnun
Byggt á gögnum úr samráðsvefsjá um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum og Austfjörðum sem var opin í maí og júní 2020

Ferðapjónusta og útivist



Núpstindur

Skotveiði, sjóstangveiði, kajakróður, köfun

Sand- og malarfjara, útivistarsvæði og friðlýst náttúruvætti

Friðlýst náttúruvætti

Friðlýst náttúruvætti og varpsvæði teistu, lunda, bjargdúfu og æðarfugls

Gönguleið, varpsvæði kríu og æðarfugls

Gönguleið út á Búlandsnes *Berufjörður*

Djúpivogur


Búlandsnes vinsælt útivistarsvæði

Papey - Varpsvæði lunda, ritu og annarra sjófugla, vinsælt útivistarsvæði

Mótorsport

Útselsveiði

Alftafjörður



Skipulagsstofnun

Byggt á gögnum úr samráðsvefsjá um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum og Austfjörðum sem var opin í maí og júní 2020




Hvaða leiðir ferð þú þegar þú stundar útivist eða afþreyingu á svæðinu?

Í samráðsvefsjána voru merktar inn 34 ferðaleiðir sem sjá má á korti yfir ferðaleiðir hér að aftan. Í vefsíðunni gafst kostur á að skrá niður gönguleiðir, skoðunarferðir, kajakróður, skútu- eða skemmtisiglingar eða leiðir farnar með öðrum hætti.

Kajakleiðir eru meðfram strandlengjunni allri en einnig eru styttri leiðir inn í einstaka fjörðum eins og Álftafirði, Hamarsfirði og Eskifirði. Skemmti- og skútusiglingaleið er skráð um Norðfjarðarflóa og skoðunarferðir eru tilgreindar milli Djúpavogs og Papeyjar og milli Hnaukaóss og Breiðdalsvíkur. Í grynningunni sem umlykur Álftafjörð er tilgreind sandtaka fyrir sandkassa, merkt sem *annað*.

Gönguleiðir eru skrásettar víða, ýmist inn eftir landi eða meðfram strandlengjunni, t.d. við suðurströnd Berufjarðar, við Eskifjörð og milli Seyðisfjarðar og Borgarfjarðar eystri.

Ferðaleiðir



2.2 NÝTING AUÐLINDA

Hvaða auðlindir nýtir þú og á hvaða stöðum?

Í samráðsvefsjána voru skráðir 33 punktar og 26 flákar sem gefa til kynna nýtingu auðlinda á svæðinu sem sjá má á korti yfir nýtingu auðlinda hér að aftan. Í töflu 1 eru birtar ábendingar um í hverju hagsmunaárekstrarnir felast.

Ýmiss konar nýting er tilgreind, í Berufirði er æðardúnstekja áberandi en einnig er önnur nýting víða á svæðinu eins og kræklingatínsla, sjóstangaveiði, þang- og þaratekja og veiðar.

Tafla 1. Ábendingar við nýtingu auðlinda


Einstaklingar

Nr.	
13	Línuveiðar, handfæri og netaveiðar.
15	Netaveiðar
16	Netaveiðar, hrygningarsvæði, handfæri og dragnót.
18	Dragnót, netaveiðar, handfæri.
19	Útselveiði
20	Hreindýr, rjúpur, refir, silungur, þorskur, svartfugl, gæsir.
22	Lúra
25	Berja- og grasatínsla.
25	Berja- og grasatínsla.

Fyrirtæki

Nr.	
1	Þekkt mikil kúfiskeljamið, öðuskel, ígulker, krabbi, hrognkelsi.
2	Ígulker, öðuskel, krabbi, hrognkelsi ásamt öðrum nytjastofnum veiðanlegt á þessu svæði eins og með önnur svæði hér austanlands.
3	Öðuskel og hrognkelsi.
4	Ígulker, öðuskel, kúfiskel, hrognkelsi, krabbi auk annarra tegunda.
5	Þekkt veiðisvæði ígulker, krabba, kúfiskelja, öðuskelja og kræklinga sem hafa verið nytjuð og stendur til að nýta.
6	Öðuskeljamið
7	Öðuskel og hrognkelsi.
8	Með strandlengjunni eru þekkt veiðisvæði ígulker (skollakopps) og í fjörðunum er krabbi og beitukóngur í veiðanlegu magni ásamt öðrum hefðbundnum fiskistofnum.
9	Veiðisvæði sæbjúgna.
10	Ígulker, krabbi, hörpuskel (þekkt mið frá fyrri tíð þarfnast rannsóknna), öðuskel o.fl.
11	Ígulker, krabbi, öðuskel.
12	Svæði þar sem sæbjúgu hafa fundist í einhverju og verulegu magni.
14	Dragnótaveiðar, þorskur, lýsa, koli, steinbítur.
17	Þekkt ígulkeramið, krabbi og bláskel.
23	Sæbjúgu, og öðuskel auk annarra hefðbundinna nytja.
24	Svartfugl og sjóstöng.
26	Sandtaka

Strandsvæðisskipulag á Austfjörðum
Kynning og samráð
Nýting auðlinda



- ▼ pang- og paratekja
- ▼ Sjóstangveiði
- ▼ Kræklingatínsla
- ▼ Tekja æðardúns
- ▼ Önnur nýting
- ▨ Veiðar
- Afmörkun skipulagssvæðis

Númer á korti vísa til ábendinga í töflu 1

Skipulagsstofnun

Byggt á gögnum úr samráðsvefsjá um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum og Austfjörðum sem var opin í maí og júní 2020

2.3 SÉRSTAÐA, ÁSKORANIR OG TÆKIFÆRI

Í hverju felst sérstaða svæðisins og helstu gæði þess?

Einstaklingar

- Á svæðinu er stórbrotin náttúruvegurð sem sést best með því að sigla um svæðið. Sigling meðfram Rauðubjörgum fyrir Norðfjarðarhorn, suður með Síðu og til Sandvíkur er ein fegursta sjóleið sem til er á Íslandi, ekki síst á lognkyrrum morgni þegar sólin er að koma upp. Það er upplifun sem aldrei gleymist og hefur verið lýst fyrir mér af einum reyndasta skipherra Landhelgisgæslunnar sem fegursta landtaka við Ísland.
Þá er Norðfjarðarnípa stórkostlegt náttúrufyrirbrigði með sínu háa bjargi í sjó fram og miklu fuglalífi. Þá eru eyðifirðirnir Hellisfjörður og Viðfjörður staðir sem gaman er að heimsækja.
- Á þessu svæði er falleg náttúra og að mestu ósnert nema af heimamönnum sem nýta auðlindirnar sem eru til staðar.
Þetta er svæði þar sem maður nærir líkama og sál í friði og ró.
- Ein allra fallegasta strandlengja á Íslandi. Mjög áhugaverð jarðfræði og landmótun sem oft sést langbest frá sjó og þá er kajak-róður besta leiðin.
Mikið fuglalíf.
Áhugaverðar gönguleiðir og vel þekktar. Til mikið af góðum leiðarlýsingum og göngukortum (miklu meira og betra en annars staðar á landinu).
- Endalausir fallegir fossar með gönguleiðum í kring í Eskifirði.
Innan svæðisins eru mjög stór svæði sem eru ósnortin og nánast ósnortin fyrir utan vegaslóða sem gefa möguleika á frekari nálgun við svæðið.
- Lítt snortið, fegurð, ríkt af náttúrulegum auðlindum.
- Óspillt náttúra og útsýni.
Öll friðlýstu svæðin eru að sjálfsögðu mikilvæg og eru mikið notuð til útivistar af mér og fólki í kringum mig.
Einnig vil ég leggja áherslu á að fjörur, þær sem eftir eru, verði fyrir sem minnstum áhrifum, þar sem mikið af fjörum sem áður voru inni í bæjum, eins og í Neskaupstað, er búið að eyðileggja með varnargörðum og mannvirkjum.
- Sérstaða Berufjarðar er af margvíslegum toga – mjög fjölbreytt landslag með ströndinni sem er nýtt mjög mikið til útivistar.
Þá er lífríki óvenju auðugt við Berufjörð, bæði hvað varðar fugla og fisk.
Umtalsverð æðartekja er á nokkrum jörðum við Berufjörð.
Við Berufjörð er einnig friðlýst svæði, sbr. Teigarhorn sem er friðlýst náttúruvætti vegna steinda þar. Þar er einnig æðartekja og mikilvægt að umferð báta og vargfugl sé ekki í nágrenni við svæðið sem haft getur áhrif.
Papey er einnig einstök náttúruperla með mikið lífríki og þá helst lunda, og stórar sjófuglabýggðir.
Berufjörðurinn sjálfur er sömuleiðis mjög auðugur af fiski og þar eru nokkrar hrygningarstöðvar sem skiptir miklu máli að sé ekki ógnað með fiskeldi eða öðru.
Hér er helst getið um svæðið sunnan Berufjarðar en á Berufjarðarströnd eru einnig mikilvæg svæði og friðlýst sbr. Blábjörg

við Berufjarðarströnd. Þar er einnig stunduð æðarrækt á bæjum og mikil uppbygging í ferðaþjónustu. Sérstaða svæðisins er heilt yfir mikil bæði til sjávar og sveita.

- veiði og útivistarsvæði. Göngur bæði á sumri sem vetrum.


Fyrirtæki

- Gjöful fiskimið, uppistaða aflans er stór fiskur.
- Hreinleiki og fjölbreytileiki.
- Sérstaða svæðisins felst í hreinleika sjávar í fjörðum og með ströndum sem gerir þetta að auðlind fyrir þjóðina í afurðanýtingu og sem útivistarsvæði.

Hvaða staðir eru mikilvægir fyrir sérstöðu svæðisins?

Í vefsíðana voru merktir inn 47 punktar sem þykja mikilvægir fyrir sérstöðu svæðisins eins og sjá má á korti hér að aftan um sérstöðu. Sjá má þyrpingar punkta í Norðfjarðarflóa, í sunnanverðum Berufirði, á Búlandsnesinu og við Papey.

Sérstaða svæðisins



- Staðir sem eru mikilvægir fyrir sérstöðu svæðisins
- Afmörkun skipulagssvæðis

Skipulagsstofnun
Byggt á gögnum úr samráðsvefsjá um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum og Austfjörðum sem var opin í maí og júní 2020

Hverjar eru helstu áskoranir á skipulagssvæðinu?

Einstaklingar

- Að koma böndum á fiskeldi og mengun frá iðnaði.
- Standa vörð um hefðbundna starfsemi eins og æðarrækt en dúntekja er raunveruleg atvinnugrein sem skapar tekjur í sátt við umhverfið.
- Gæta verður þess að strandveiðum og æðarrækt sé ekki ýtt út, af stórfyrirtækjum með skammtímasjónarmið að leiðarljósi.
- Að réttlæta fiskeldi á viðkvæmu svæði.
- Að stöðva fiskeldi í sjó!
- Ég væri til í að sjá átak í hreinsun strandlengjunnar sem og sjávarbotns í nágrenni við bæi. T.d. er talið að eftir snjóflóðin í Neskaupstað sé hellingur af dóti og efni sem liggja á hafsbótunum, og væri gaman að vita af því að eitthvað yrði gert í þeim málum. Einnig er vitað að rusli var einu sinni öllu keyrt út í sjó. Væri gaman að sjá rannsóknir á þessu.
- Helstu áskoranir á svæðinu eru að mæta hagsmunum ólíkra hagsmunaaðila. Ljóst er að úthlutun á leyfum til fiskeldis hefur þegar gengið of langt gagnvart einstökum hagsmunaaðilum, sbr. þeim sem stunda fiskveiðar og svo og hefur fiskeldi þegar haft neikvæð áhrif á æðarvarp. Því miður virðast úthlutanir standa yfir á fiskeldisleyfum meðan unnið er að þessu skipulagi. Það má því jafnvel álykta að loksins þegar vinnu við skipulag haf- og strandsvæða verður lokið, verði jafnhliða búið að úthluta of miklu af fiskeldisleyfum sem verður þá ekki hægt að fjalla um. Neikvæðasti áhrifaþátturinn er því að úthluta leyfum fyrst og ætla svo að skipuleggja, í því liggur fyrst og síðast áskorun og hætta á hagsmunaárekstrum. Í Berufjörð koma milli 30–40 skemmtiferðaskip og liggja þar á bólum yfir sumarið – það er einn þáttur sem hefur áhrif. Á öðrum svæðum hefur þegar, að því best verður séð, verið gefið út leyfi til fiskeldis þar sem þekktar hrygningarstöðvar eru. Slík vinnubrögð eru ekki í anda sjálfbærni eða til þess fallin að skapa sátt.
- Öll inngríp inn á þetta svæði, svo sem fiskeldiskvíar eða námugröftur, hvort sem er á sjó eða landi, munu gera þessu svæði mikinn skaða þar sem umferð um svæðið auk sjónmengunar mun skerða áhrifin af fegurð þess, auk þess að hafa óafturkræf áhrif á fugla og annað líf á svæðinu.
- Það margar að varla hægt að telja upp í stuttu máli, en skipulag verður að falla vel að náttúrufari svæðisins.


Fyrirtæki

- Að spilla ekki upplifun íbúa og annarra með ofnýtingu en að sama skapi heimila að svæði nýtist íbúum til atvinnu.
- Álag á viðkvæm svæði er t.d. úrgangur frá verksmiðjum og byggðakjörnum þar sem sinna þarf frárennslismálum.
- Stórfellt álag og áhætta skapast einnig af sjókvíalaxeldi sem auk þess gengur á hagsmuni hefðbundins útvegs þar sem veiðisvæði nýtast ekki lengur.

Hvar má búast við hagsmunaárekstrum og álagi á viðkvæm svæði?

Í samráðsvefsjána voru merktir inn fimm staðir þar sem þátttakendur telja að búast megi við hagsmunaárekstrum og þrír staðir sem búast má við álagi á viðkvæm svæði, sjá korti hér að aftan um hagsmunaárekstra og viðkvæm svæði. Á tveimur stöðum, við Djúpavog og Reyðarfjörð, var nefnt að árekstrar gætu orðið við fiskeldi á staðnum. Álag á viðkvæm svæði er merkt inn í Norðfjarðarflóa og úti fyrir Hamarsfirði.

Hagsmunaárekstrar og álag



Hvað þarf að gera til þess að viðhalda sérstöðu svæðisins og nýta þau tækifæri sem það hefur upp á að bjóða?

Einstaklingar

- Banna fiskeldi.
- Halda ferðamönnum frá því.
- Halda því óbreyttu án inngripa sem gætu spillt þeirri fallegu náttúru sem það hefur uppá að bjóða.
- Stöðva fiskeldi í sjó!
- Til að viðhalda sérstöðu svæðisins þarf víðtækt samtal milli ólíkra hagsmunaaðila – það samtal þarf að eiga sér stað fyrr í ferli en hér er stefnt að.

Fyrirtæki

- Gæta að mengunarvörnum frá umgengni og nytjum mannsins og passa að nytjar séu hóflegar.
- Styrkja innviði, eftirlit og svo skipuleggja uppbyggingu.

Hvernig má draga úr hagsmunaárekstrum á svæðinu?

Einstaklingar

- Eina leiðin til að lágmarka hagsmunaárekstra er að skipuleggja fyrst og úthluta svo gæðunum til hvers og eins hagsmunaaðila þegar skipulagið hefur verið unnið í sátt, þar sem athugasemdir hafa verið sendar inn á réttum tímapunkti áður en ráðist hefur verið í stórtæka uppbyggingu m.a. í fiskeldi. Fiskeldi er hinsvegar af hinu góða, upp að vissu marki, en fráleitt hvernig staðið hefur verið að úthlutun til þessa án þess að fyrir liggi einu sinni grundvallar rannsóknir á lífríki fjarða eins og Berufjarðar.
- Með almennt skýrari reglum.
- Með aukinni friðlýsingu.
- Stöðva fiskeldi í sjó!
- Þjóðnýta svæðið í þágu landsmanna.

Fyrirtæki

- Hagsmunir allra liggja í hreinleika svæðis.
- Finna lóðir á landi fyrir laxabúskapinn.
- Gæta að frárennsli stóriðju, bæði í málmi og fiski.
- Frárennismál byggða.
- Með virku samráði.
- Skrá niður stöðuna. Hver er nýtingin?
- Skipuleggja tilvonandi notkun.

3. Samantekt af samráðsfundum

Markmið samráðsfundanna var að afla upplýsinga um nýtingu og vernd á svæðinu auk sjónarmiða um sérstöðu, áskoranir og tækifæri m.t.t. nýtingar og verndar á skipulagssvæðinu.

Upphaflega stóð til að halda opna samráðsfundi samhliða kynningu á lýsingu en vegna viðvarandi samkomutakmarkana var fallið frá því. Þess í stað var efnt til samráðsfunda um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum í nóvember 2020 og voru þeir haldnir sem fjarfundir. Aðilum sem hafa hagsmuna að gæta þegar kemur að ákvörðunum um nýtingu og vernd strandsvæða var boðið að taka þátt í samráðsfundum. Leitað var til félagasamtaka þar sem þeirra nýtur við, um tilnefningu fulltrúa á samráðsfundina en einnig var leitað beint til fyrirtækja og sveitarfélaga sem tilnefndu fulltrúa á fundina. Sjá yfirlit hér að neðan yfir þá aðila sem boðið var að tilnefna fulltrúa. Haldnir voru þrjú samráðsfundir með hagsmunaaðilum á Austfjörðum: einn með fulltrúum ferðaþjónustu, útivistar og náttúruverndar, annar með fulltrúum sjávarútvegs þ.m.t. fiskeldis og skelræktar og sá þriðji með fulltrúum hafna, siglinga, efnistökuáðila, eigendum orku- og fjarskiptastrengja í sjó, eigendum sjávarjarða og fulltrúum æðarræktenda. Fundirnir voru haldnir dagana 17., 18., og 19. nóvember 2020.

Umræður á fundunum byggðust á lykilsurningum sem lagðar voru fram fyrir fundina. Til þess að þátttakendur gætu komið á framfæri upplýsingum um staðsetningu nytja og hugmyndum um framtíðarnýtingu var opnuð vefsíða þar sem hægt var að merkja inn á kort og svara þeim spurningum sem lagt var upp með. Boðaðir þátttakendur fengu sendan hlekk á vefsíðana og var vefsíðin opin fyrir fundina en einnig í tiltekinn tíma eftir þá. Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir í vefsíðunni og á fundunum:

Nýting og vernd strandsvæða

- Hvaða svæði eru mikilvæg fyrir núverandi og/eða framtíðar nýtingu eða starfsemi?*
- Eru svæði sem þarf að vernda?*

Sérstaða, áskoranir og tækifæri

- Hver er sérstaða svæðisins og helstu gæði þess?
- Hverjar eru helstu áskoranir á skipulagssvæðinu?*
- Hvaða lausnir eru mögulegar vegna þeirra áskorana sem eru til staðar? Hvaða tækifæri eru til staðar til að efla svæðið til lengri tíma litið?

*Hægt var að merkja inn á kort upplýsingar og hugmyndir um nýtingu, vernd og áskoranir.

Umræður á fundunum voru skráðar niður og er afrakstur fundanna og efni sem kom inn í vefsíðana flokkað eftir því á hvaða fundi það kom fram, þ.e. í eftirfarandi þrjá flokka:

- Ferðaþjónusta, útivist og náttúruvernd
- Sjávarútvegur
- Hafnir, siglingar, efnistaka, orku- og fjarskiptastrengir og nýting sjávarjarða

Umræður á fundunum einskorðuðust ekki við þau málefni sem lagt var upp með að ræða á hverjum fundi og varð því ákveðin skörun milli málefna í umræðum hópanna um núverandi nýtingu og vernd á strandsvæðum og framtíð þeirra. Auk ábendinga um áherslur varðandi hvern málaflokk má lesa úr umræðunni áherslu á fjölbreytta nýtingu og samráð við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum.

Eftirfarandi aðilum var boðið að tilnefna fulltrúa á samráðsfundina:

Ferðapjónusta, útivist og náttúruvernd

- Austurbrú
- Ferðafélag Fjarðamanna
- Ferðafélag Djúpavogs
- Ferðamálasamtök Austurlands
- Náttúruverndarsamtök Austurlands
- Landvernd
- Samtök útivistarfélaga
- Upplýsingamiðstöð Seyðisfjarðar

Sjávarútvegur

- Félag smábátaeigenda á Austurlandi
- Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
- Skelrækt, félag skelræktenda
- Útvegsmannafélag Austfjarða

Hafnir, siglingar, orku- og fjarskiptastrengir, efnistaka og nýting sjávarjarða

- Farice ehf.
- Hafnir Fjarðabyggðar
- Hafnir Múlaþings
- Míla ehf.
- Orkufjarskipti hf.
- Rarik ohf.
- Samtök eigenda sjávarjarða
- Æðarræktarfélag Íslands

Eftirfarandi er samantekt umræðu sem fram fór á fundunum og þeim ábendingum og hugmyndum sem þátttakendur settu fram í vefsíðunni. Nánari upplýsingar um kortin og ábendingar sem settar voru fram í tengslum við þau má finna í viðauka.

3.1 NÝTING OG VERND STRANDSVÆÐA

Hvaða svæði eru mikilvæg fyrir núverandi og/eða framtíðar nýtingu eða starfsemi?

Ferðaþjónusta, útivist og náttúruvernd

Á samráðsfundinum kom eftirfarandi fram:

- Sjóböð eru að verða vinsæl, t.d. á Seyðisfirði og Norðfirði. Á Norðfirði er komin hugmynd að samfélagsbryggju og fékkst styrkur í verkefni því tengt.
- Það má finna gagnagrunn á vef Ferðamálastofu og á vefnum www.east.is. Þar er m.a. að finna upplýsingar um flokkun á nýtingu m.t.t. afþreyingar.
- Búast má við að fiskeldi verði áfram til staðar þar sem það hefur þegar verið leyft.
- Fram hafa komið hugmyndir um að setja eldi við Skálanes en það á ekkert erindi þar.
- Höfnin á Seyðisfirði er ferðaþjónustuhöfn en ekki lengur hrein fiskiskipahöfn eins og áður var. Afkoma svæðisins og hafnarinnar á Seyðisfirði byggir að miklu leyti á ferðaþjónustu.
- Sjósumsstaðir í Seyðisfirði eru merktir á kortavefsjá verkefnisins. Það stendur til að stofna siglingaklúbb í bænum. Í firðinum eru m.a. útsýnissiglingar og sjóstangaveiði en því er nú ógnað með hugmyndum um fiskeldi.
- Á Barðnesi (utan Viðfjarðar) er fyrirhugað ferðaþjónustuhús.
- Margar merktar gönguleiðir má finna í Fjarðabyggð. Þeim þarf að halda við og þær þurfa að vera aðgengilegar öllum. Mikil umferð gangandi fólks er um eyðifirðina.
- Engin sjávertengd ferðaþjónusta er á Djúpavogi. Engu að síður er öll strandlengjan undir og mikilvæg í skipulaginu.
- Mikilvægt er að muna eftir útivist, ekki horfa bara á ferðaþjónustu. Útivistarsvæðin þarf að merkja inn á nýtingarkort.
- Í Berufirði og umhverfis hann er ferðaþjónusta en einnig hefur ýmsum leyfum verið úthlutað þar. Við vitum ekki hvort fleiri leyfi eru í vændum.
- Í Papey var áður ferðaþjónusta.
- Engir skálar eru á vegum Ferðafélags Djúpavogs og félagið á ekki neinar eignir á strandsvæðunum.
- Verndun náttúru er eitt form nýtingar.
- Við höfum dæmi um friðlýsingar erlendis þar sem friðlýsing landsvæðis hafði jákvæð áhrif á fiskveiðar á tilteknu svæði.
- Hafa þarf náttúruminjaskrá í huga við skipulagsgerðina, svo sem Gerpissvæðið sem er mjög mikilvægt.
- Svæðin á náttúruminjaskrá eru heildir og horfa þarf á samspil fjalla og sjávar.
- Mikilvægt er að horfa til sela og vita af sellátrum við strandir landsins. Selastofnarnir eru í hættu. Náttúrufræðistofnun hefur gefið út skýrslu þessu tengt.


Einnig komu fundarmenn eftirfarandi ábendingum á framfæri í vefsjá:

- Seyðisfjarðarhöfn hefur á undanförunum árum þróast úr því að vera aðallega með sjósækna starfsemi yfir í það að yfir 75% af starfseminni

í dag snýr að farþegum og ferðaþjónustu. Um Seyðisfjarðarhöfn koma á milli 60-80 skemmtiferðaskip árlega, auk Norrænu. Norræna er bæði fragt- og farþegaskip og kemur vikulega til Seyðisfjarðar. Umferð um fjörðinn tekur mikið mið af þessari þróun og stefnan til framtíðar er sú að efla þessa þróun enn frekar.

- Skálanes, Vestdalseyri og gönguleið að Brimnesi eru helstu ferðamannaseglar ferðaþjónustunnar á Seyðisfirði og mikilvægt að sú upplifun af „ósnortinni“ náttúrufegurð sem fjörðurinn státar af skaðist ekki. Mikilvægt er því að vandað sé til verka í allri uppbyggingu á svæðinu.
- Mikilvægt er að horfa til ferðaleiða á Austurlandi. Einnig er mikilvægt að horfa til áherslustaða sem tilgreindir eru í áfangastaðaáætlun Austurlands.
- Mikilvægt er að fiskeldissvæði séu afmörkuð á færri stöðum en ekki dreift út um allt.
- Svæðið í miðbæ Norðfjarðar neðan við kirkjuna er orðið gríðarlega mikilvægt svæði til sjótengdrar útivistar (kajak, paddleboard, sjósund og slíkt). Á þessu svæði hafa íbúasamtökin (Bærinn okkar) látið teikna samfélagsbryggjur og sauna. Það væri frábært að byggja meira upp þarna.
- Fyrir Ferðafélag Djúpavogs er strandlengjan í gamla Djúpavogshreppi öll mikilvæg, enda eru margir staðir meðfram sjónum sem eru vinsælir til útivistar.
- Ferðafélag Fjarðamanna á skála á Karlsstöðum í Vöðlavík og hefur það verið á stefnuskrá félagsins að reisa annan skála á Barðsnessvæðinu í Norðfirði (ekki hefur verið gengið frá samningum við landeigendur um það) og viljum við halda þeim möguleika opnum. Félagið vill leggja áherslu á að á svæðinu eru eyðifirðirnir Viðfjörður, Hellisfjörður, Sandvík og Vöðlavík sem eru náttúruperlur sem ekki má raska. Félagið er með merktar gönguleiðir á þessu svæði og leggur mikla áherslu á útivist fyrir almenning á svæðinu. Eins myndum við vilja að ekki yrði frekara fiskeldi á svæðinu en þegar er komið.
- Fyrst varðandi yfirskrift, þá er vernd einnig gildur nýtingarþáttur en um margt eðlisólíkur að því leytinu að vernd gengur t.d. ekki á umhverfisgæði. Aftur á móti er upplifun á verndarsvæðum almennt til staðar sem ekki er að finna annars staðar. Vaxandi skilningur er á að verndarsvæði séu mikilvægur hlekkur, m.a. er varðar lýðheilsu og heilsueflandi samfélög til að vinna með.
- Við Berufjörð eru margar náttúruperlur og merkar minjar. Einnig er lífríki við fjörðinn og í honum mikið.
- Innan skipulagssvæðisins er að finna svæði fyrir margháttaða nýtingu til framtíðar, s.s. til atvinnutengdrar starfsemi, útivistar, heilsueflingar og upplifunar fyrir íbúa og gesti. Því þarf almennt að ganga fram með varúðarregluna að leiðarljósi þar sem einnig verður að gera ráð fyrir að skilja eitthvað eftir handa komandi kynslóðum. Þá verður mörgum spurningum tengdum skipulagsgerð, nýtingu/starfsemi ekki svarað fyrr en farið hafa fram marktækar rannsóknir á lífríki fjarða.
- Ferðafélag Fjarðamanna er sammála stefnu Fjarðabyggðar um verndun Gerpissvæðisins í heild sinni.


Ferðaþjónusta og útivist



- ▲ Áhugaverðir staðir
- ▲ Áfangastaðir ferðamanna
- Áhugaverðar leiðir
- ▭ Áfangastaðir ferðamanna
- ▭ Áhugaverð svæði
- ▭ Afmörkun skipulagssvæðis
- Sveitarfélagamörk
- ▭ Þéttbýli

0 10 20 km


Náttúruvernd



Á samráðsfundinum kom eftirfarandi fram:

- Sum sjávarútvegsfyrirtæki hafa verið marga áratugi með starfsemi á svæðinu og með mikil umsvif. Stærstur hluti aflans á svæðinu er veiddur utan fjarða en einungis lítill hluti innan þeirra.
- Vísbendingar eru um að fiskurinn sé ekki eins djúpt inni í fjörðum og áður var. Hér er átt við Berufjörð þar sem Fiskeldi Austfjarða er. Mögulega er þetta tengt eldinu en getur líka verið tímabundið. Það mun koma í ljós síðar, hver staðan er í raun og hvað veldur henni.
- Við höfum lítið þurft að veiða innan fjarðar því það hefur veiðst vel utan hans.
- Horfa þarf að til veiða innan fjarða. Veitt er með dragnót innan fjarða og svo hafa komið ár þar sem síld er veidd innan fjarðar. Það má ekki setja hömlur á slíkar veiðar.
- Í skipulagi er oft svæðisskipting mismunandi nýtingar en þegar kemur að veiðum á grunnslóð er í raun erfitt að afmarka veiðisvæði því þau eru breytileg. Hægt er að skoða veiðisögu en þetta breytist frá einum tíma til annars.
- Tækifæri til veiða með dragnót eru víða á Austfjörðum og því er mikilvægt að svæði séu laus svo hægt sé að stunda veiðar þar. Veiðar fara ekki endilega alltaf fram á sömu svæðunum. Aðalatriðið er að það sé gott rými fyrir veiðar á grunnslóð, þ.e.a.s. að það séu til staðar opin svæði án þess að svæði séu endilega tekin frá fyrir veiðar.
- Eldisfyrirtækin búast við að nýta áfram eldissvæðin sín og færa svo út kvíarnar (stækka). Upplýsingar um þetta hafa verið settar inn í vefsjá verkefnisins (sjá kort að neðan).
- Uppi eru væntingar um að það verði aukning í fiskeldi og þá þarf að vera svigrúm fyrir hana.

Sjávarútvegur



Á samráðsfundinum kom eftirfarandi fram:


- Innan skipulagssvæðisins eru fjölfarnar siglingaleiðir, svo sem í Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Seyðisfirði, Norðfirði og Eskifirði.
- Þungi flutninga er í Reyðarfirði og Seyðisfirði. Vöruflutningahöfn er á Mjóeyri í Reyðarfirði. Fáskrúðsfjörður er mjór og lítið pláss afgang, þar þarf að passa að leiðir verði greiðar. Margir aðilar nýta fjörðinn. Í Fáskrúðsfirði er friðlýst æðarvarp.
- Álverið flytur inn mikið magn hráefnis og afurðir til útflutnings. Royal Arctic Line hefur bæst við.
- Í Berufirði er umferð vegna fiskeldis en þar hafa ekki verið stórkostleg vandamál. Það hafa frekar verið vandamál í Seyðisfirði en þar er meiri umferð stærri skipa. Seyðisfjörður er fjörður með vöru- og farþegasiglingar og þar er mikil umferð skemmtiferðaskipa í eðlilegu árferði.
- Rarik á streng frá 1974 í Berufirði.
- Landtökin ráða mestu um staðsetningu strengjanna. Best er að þeir liggi í sandfjöru og séu staðsettir í rólegu umhverfi þar sem minni hætta er á að þeir skemmist.
- Það kemur að því að það þurfi að endurnýja strengi en margir þeirra eru orðnir margra áratuga gamlir.
- Strengir þurfa ákveðið pláss. Líklega vilja menn halda sig á þessu sama belti sem er undir í dag. Mjög mikilvægt er að ekki séu kvíar á þessari lagnaleið.
- Í dag eru fóðurprammarnir fyrir fiskeldið fyrir austan keyrðir á dísil eldsneyti. Rafvæðing frá landi er komin stutt á veg en fyrirtækin eru þó byrjuð að rafvæðast. Staðsetning kvía ræður því hvar strengir og spennistöðvar eru staðsettar í landi. Þessari uppbyggingu getur fylgt talsvert rask á landi.
- Nú er unnið að lagningu strengjar við norðanverðan Reyðarfjörð. Um er að ræða almenna endurnýjun á dreifikerfinu en tengist líka eldinu og því var ákveðið að leggja sverari streng. Beiðni barst um sverari streng frá eldisfyrirtæki.
- Í Hamars- og Berufirði voru lagðir tveir strengir í öryggisskyni (annar til vara) á milli 1990 og 2000. Þeir eru hluti af landshringnum og eru nú á vegum Mílu. Botninn var skoðaður þegar strengirnir voru lagðir.
- Strengir Mílu eru í góðu lagi en svigrúm þarf að vera fyrir endurnýjun og viðhald þeirra.
- Á nokkrum stöðum eru koparstrengir sem eru á útleið á komandi árum.
- Landtökustaðir eru almennt skoðaðir þegar strengir eru lagðir. Mikilvægt er að gott aðgengi sé að þessum strengjum í landi ef bilanir verða. Strengir eru lagðir þar sem auðvelt er að leggja þá, t.d. þar sem ekki eru klappir.
- Nýlega var lagður strengur yfir Berufjörð á vegum Orkufjarskipta. Hann er nálægt streng frá Rarik og einnig er Míla með streng í firðinum.
- Orkufjarskipti leggja nú strengi í Hamars- og Álftafirði en þeir eru á landi til að gefa bæjum möguleika á að tengjast. Það hefði þó verið ódýrara að leggja strenginn þvert yfir fjörðinn en ekki með landi.

- Landið er misgott fyrir lagningu strengja. Klappir eru t.d. slæmar fyrir strenglagningu. Við slíkar aðstæður getur verið betri kostur að leggja strengi í sjó.
- Landtök skipta miklu máli. Við skoðum líka botn þegar ákvarðanir eru teknar um staðsetningu strengja. Við plægjum botninn en það er þó ekki alls staðar hægt.
- Í Berufirði er strengur Orkufjarskipta í um 250 m fjarlægð frá streng í eigu Rarik.
- Eldiskvíar geta verið nálægt landi og þá jafnvel nálægt fráveituútrásum.
- Berufjörður er djúpur og strengir liggja því djúpt. Botninn er góður og sjávargróður dafnar þar sem ljós nær.

Einnig komu fundarmenn eftirfarandi ábendingum á framfæri í vefsjá:

- Berufjörður: Fiskeldi og fiskveiðar auk skipalægis (stærri skip).
- Seyðisfjörður: Ferjusiglingar, skemmtiferðaskip og mögulegt fiskeldi. Ferðaþjónusta á strandsvæðinu (t.d. fuglabjörg og útsýnissvæði við Skálanes). Möguleg uppbygging á Vestdalseyri.
- Hamarsfjörður: Fiskeldi (kræklingur).
- Álftafjörður: Fuglaskoðun og ferðaþjónusta.

Innviðir og önnur nýting



0 10 20 km

Skipulagsstofnun

Byggt á gögnum af samráðsfundum sem haldnir voru í nóvember 2020

Eru svæði sem þarf að vernda?

Ferðaþjónusta, útivist og náttúruvernd

Á samráðsfundinum kom eftirfarandi fram:

- Merktar hafa verið inn ferðaleiðir og viðkvæmir staðir í vefsjána, t.d. Gerpissvæðið. Gerpissvæðið er í friðlýsingarferli.
- Á skipulagssvæðinu er göngusvæði sem mikilvægt er að vernda.
- Seyðisfjörður er vinsæll áfangastaður ferðamanna og er upplifun þeirra af bæði menningu og náttúru fjarðarins stærsti þátturinn í því hversu mikill segull fjörðurinn er.
- Gerpissvæðið
- Víknaslóð
- Ysti hluti Búlandsness (svörtu sandarnir).
- Dæmi um vernduð svæði eru Teigarhorn og Búlandsnes. Þau eru bæði hverfisvernduð. Frekari friðlýsingar eru væntanlegar á svæðinu. Þessi svæði þurfa sitt andrými.

Einnig komu fundarmenn eftirfarandi ábendingum á framfæri í vefsjá:

- Vestdalseyri og Vestdalur eru á náttúruminjaskrá vegna sérstæðs gróðurs auk þess sem þar er mikið um menningarminjar. Mikið landrof er við Vestdalseyri sökum ágangs sjávar og mikilvægt er því að tryggja sjóvarnir við eyrina.
- Við Berufjörð sunnanverðan eru nú þegar nokkur svæði friðlýst svæði og verndarsvæði. Gert er ráð fyrir að þeim fjölgi miðað við stefnu aðalskipulags.
- Teigarhorn er friðlýst náttúruvætti þar er einnig friðlýst æðarvarp. Á þessu svæði og allt að Sandbrekkuvík er friðlýst æðarvarp. Þá eru Blábjörg við Berufjörð norðan megin friðlýst náttúruvætti.
- Búlandsnes allt frá Berufirði yfir að Hamarsfirði er hverfisverndað sem mikilvægt búsvæði fugla og þar er mikilvægur viðkomustaður og varpsvæði mjög margra fuglategunda. Unnið er að tillögu (C9 í byggðaaætlun) um friðlýsingu á Búlandsnesi. Þar er í dag vinsælasta útivistarsvæði íbúa á Djúpavogi allt árið auk þess sem mikill fjöldi ferðamanna fer þar um vegna sérstöðu svæðisins. Áform um fiskeldi í námunda við þessi svæði myndi trufla mjög ásýnd og upplifun auk þess sem stöðug umferð stærri báta getur einnig haft mikil og neikvæð áhrif á fuglalíf.
- Mikilvægt er að Hellisfjörður, Viðfjörður og Gerpissvæði séu friðuð og að ekki verði leyft þar fiskeldi, slíkt myndi rýra mjög gildi svæðisins fyrir ferðaþjónustu.
- Berufjörður: Teigarhorn og Blábjörg.
- Seyðisfjörður: Ysti hluti (Skálanes, Brimnes).
- Álftafjörður: Fuglaverndunarsvæði.

3.2 SÉRSTAÐA, ÁSKORANIR OG TÆKIFÆRI

Hver er sérstaða svæðisins og helstu gæði þess?

Ferðaþjónusta, útivist og náttúruvernd

Á samráðsfundinum kom eftirfarandi fram:

- Seyðisfjörður byggir á náttúrufegurð og því verður að vera samráð við ferðaþjónustu við ákvarðanatöku.
- Mikil fjölbreytni er í náttúru, sögu og menningu á skipulagssvæðinu.
- Austfirðir eru merkilegir, þar eru óröskuð svæði og skjólsælir firðir.
- Væri mögulega skynsamlegra að leggja leyfisveitingar og skipulagsvinnuna á ís vegna skorts á upplýsingum? Þekking á náttúrunni er mjög mikilvæg, t.d. hefur landslag á hafsbotni áhrif á allt lífríkið.
- Austfirðir eru sérstakir. Þeir eru t.d. elstu hlutar landsins og þar má finna náttúruundur. Margt þekkjum við ekki, svo sem langslag á sjávarbotni.

Einnig komu fundarmenn eftirfarandi ábendingum á framfæri í vefsja:

- Hagstætt aðgengi að bæði gönguleiðum og sjósæknum útivistarmöguleikum á borð við sjósund, kajak og aðrar siglingar eru í firðinum og eru helstu afþreyingarmöguleikar ferðamanna, ásamt menningu.
- Ferðaþjónusta er einn stærsti atvinnuvegur innan Seyðisfjarðar og þykir mikilvægt að viðhalda þeirri ímynd af staðnum sem „perla í lokaðri skel“.
- Frá náttúrunnar hendi er hafnaraðstaðan í firðinum einstök og hefur gert Seyðisfjörð að mikilvægri samgönguæð allt frá aldamótunum 1900 til dagsins í dag.
- Seyðisfjarðarhöfn hefur á undanförunum árum þróast úr því að vera aðallega með sjósækna starfsemi í það að yfir 75% af starfseminni í dag snýr að farþegum og ferðaþjónustu. Innkoma vegna skemmtiferðaskipa og Norrænu skiptir mjög miklu fyrir efnahag svæðisins og hafa mýmörg afleidd störf skapast vegna þessarar þróunar.
- Við Berufjörð er að byggjast upp öflugt fiskeldi og það getur farið ágætlega saman með ferðaþjónustu af því að oftast en ekki vill fólk sjá á hverju fólk þrífst og hvort á svæðinu séu einhver umsvif eða ekki.
- Samfélagið á Djúpavogi á fiskeldinu mikið að þakka en samfélagið stæði á miklum brauðfótum hefði fiskeldið ekki komið til.
- Svæðið í kringum Djúpavog á sér merka sögu sem nýtist vel við skipulagningu ferða Ferðafélagsins, auk náttúrunnar og hins dýnamíska samfélags þar.
- Við Berufjörð hefur verið stundað fiskeldi síðan árið 2002 og á þeim tíma hefur fjörðurinn verið mikið rannsakaður, m.a. af vísindamönnum Hafró og Náttúrustofu Austurlands. Rannsóknirnar hafa leitt í ljós að fiskeldið hefur ekki haft nein áhrif á lífríki fjarðarins en hefur leitt af sér blómlegt samfélag sem aldrei hefur staðið í jafn miklum blóma.
- Helstu gæði fjarðarins felast í menningu, miklum húsaarfi og náttúrufegurð (útsýni, upplifun af „ósnortinni“ náttúrunni og góðu aðgengi).

- Sérstaða svæðisins við Berufjörð er mikil beggja vegna fjarðar og mikil gæði felast í þeirri sérstöðu, bæði er varðar náttúru- og menningarminjar. Verslunarsaga við Berufjörð er stórmerk en haldið var upp á 400 ára verslunarafmæli Djúpavogs árið 1989.
- Teigarhorn er gott dæmi um svæði með sérstöðu, bæði er varðar náttúru og menningarminjar (geislasteinar og fornleifar). Þar eru friðlýsingar í takti við gæði svæðisins. Fjölmargir aðrir staðir við Berufjörð eru nú þegar að vinna með sérstöðuna, t.d. í ferðaþjónustu. Þá er mjög merkar fornleifar að finna í Gautavík sem talin er í annálum fyrsta verslunarhöfn á Austurlandi. Fornleifar við Gautavík liggja þar með ströndinni og töluvert í sjó fram þar sem kaupskip lágu við festar.
- Fyrrum Djúpavogshreppur hefur einmitt, vegna mikillar sérstöðu, skapað sér sterka stöðu í stefnu í aðalskipulagi 2010–2020 er varðar vernd náttúru- og menningarminja. Sú stefna hefur skapað mikið af atvinnutækifærum á liðnum árum og þá helst í ferðaþjónustutengdum þáttum.
- Gerpisvæðið er sérstaklega mikilvægt.
- Sérstaðan felst e.t.v. í fjölbreytninni en landslagið meðfram ströndinni er afar fjölbreytt auk þess sem merkir sögustaðir eru þar meðfram.

Sjávarútvegur

Á samráðsfundinum kom eftirfarandi fram:

- Austfirðir eru mjög hentugir til fiskeldis. Þarna eru miklir möguleikar til eldis og það felast góð tækifæri í fiskeldi fyrir samfélagið á svæðinu.
- Sérstaða svæðisins er m.a. sú að svæðið hentar mjög vel undir laxeldi í sjó. Firðirnir eru straumgóðir og lífræn uppsöfnun á sér ekki stað svo vitað sé.

Hafnir, siglingar, efnistaka, orku- og fjarskiptastrengir og nýting sjávarjarða

Á samráðsfundinum kom eftirfarandi fram:

- Í Berufirði eru náttúrufarslegar aðstæður góðar til sjókvíaeldis og þar er hafnaraðstaða utan við fjörðinn. Góð samgöngutenging og nánd er við fiskimiðin í Berufirði.
- Á Seyðisfirði er mikil saga og menning einkennandi. Þar er einnig afar góð hafnaraðstaða fyrir stærri skip. Einnig má nefna góða legu fjarðarins þegar horft er til fjartengingar við landið.
- Aðrir firðir henta ekki eins vel til siglinga því þar eru grynningar, sbr. Hamarsfjörð.

Einnig komu fundarmenn eftirfarandi ábendingum á framfæri í vefsjá:

- Berufjörður: Náttúrufarslegar aðstæður til fiskeldis, hafnaraðstaða við utanverðan fjörð, samgöngutenging og nánd við fiskimið.
- Seyðisfjörður: Saga og menning, afar góð hafnaraðstaða fyrir stærri skip og góð lega fyrir sæstrengstengingar til og frá landinu.
- Hamarsfjörður og Álftafjörður: Lítið dýpi (grynningar og sandrif).

Hverjar eru helstu áskoranir á skipulagssvæðinu?

Ferðaþjónusta, útivist og náttúruvernd

Á samráðsfundinum kom eftirfarandi fram:

- Við verðum að hafa í huga að nýtingin tekur breytingum með tíma.
- Við erum hrædd um að eldissvæði geti truflað siglingaleiðir. Stóru skipin (Norræna ekki síst) sigla samkvæmt stífri dagskrá og leiðin um fjörðinn þarf að vera greið. Skilgreind höfn í Seyðisfirði nær alveg út að Skálanesi. Taka þarf tillit til þess að siglingaleið um fjörðinn er mjög fjölfarin, t.d. á fyrirhuguðu eldissvæði undir Háubökkum.
- Eldisfyrirtækin eru mjög sterk og vilja fá sitt fram og beita afli til þess að ná sínu fram.
- Gott aðgengi til útivistar þarf að vera til staðar og átroðningur má ekki vera of mikill.
- Skipulagðar ferðir eru við strendurnar en einnig er almenningur á ferð um svæðið. Það þarf að tryggja aðgengi fyrir almenning og hópa.
- Nýting á sjó og landi skiptir máli fyrir þá sem stunda útivist. Hún getur haft áhrif á upplifun gesta hvort sem þeir eru á sjó eða landi.
- Rannsóknir skortir á Austfjörðum, m.a. á lífríki. Við verðum að passa upp á að ein nýting yfirgnæfi ekki allt.
- Mismunandi staða er í fjörðunum. Ákveðið skipulag er þegar komið með þeim leyfum sem gefin hafa verið út í fjörðunum.
- Margir hafa gagnrýnt nýlegar leyfisveitingar í fiskeldi, m.a. opinberir aðilar.
- Leyfi er ígildi lóðaúthlutunar. Taka þarf mið af þeim leyfum sem gefin hafa verið.
- Ferðaþjónustan hefur gert athugasemdir við áformað fiskeldi og úthlutun leyfa, m.a. vegna þess að eldið hefur ákveðið forskot við skipulagsgerðina með þeim leyfum sem þegar hafa verið gefin út eða eru væntanleg.
- Hagsmunaárekstrar eru á svæðinu. Dæmi um það eru áhyggjur trillusjómanna um að setja eigi eldi ofan á hrygningarsvæði. Einnig má nefna aðra nýtingu í þessu samhengi, svo sem æðarvarp.
- Ásýndarbreyting vegna fiskeldis truflar marga.
- Mikilvægt er að taka tillit til lagnaleiða við skipulagsgerðina.
- Netlögin eru í gildi og sveitarfélögin verða að taka tillit til þeirra. Sveitarfélögin geta ekki skipulagt lengra en þau ná, þrátt fyrir að skilgreind hafnarsvæði geti náð lengra út.
- Á sunnanverðum Austfjörðum sjást ekki í fljótu bragði miklar truflanir á útivist vegna annarrar nýtingar.
- Frummatsskýrsla vegna eldis í Seyðisfirði var nýlega auglýst. Skýrslan er gerð á vegum eldisfyrirtækis og þar af leiðandi er ástandið fegrað. Mögulega eru jákvæð áhrif ofmetin af framkvæmdaaðila.
- Seyðisfjörður er þröngur og því viðkvæmur.
- Það liggja ekki fyrir nægar rannsóknir eða forsendur til að hægt sé að skipuleggja firðina og því er staðan erfið. Við þekkjum t.d. ekki hafsbótinn. Þetta er grundvallaratriði.
- Það hefði verið gott að hafa upplýsingar frá stofnunum í þessum umræðum okkar, m.a. um lífríki svæðisins.
- Komið hafa fram hugmyndir um að stoppa ætti leyfisveitingar utan lands (núllstillta umræðuna). Nú má segja að fólki sé stillt upp við

vegg með ójafnvæginu sem er til staðar á milli mismunandi greina og leyfisveitinga tengdum þeim.

- Tilgangur strandsvæðisskipulags er að skapa sátt og ákveðna umgjörð. Staðan er hins vegar sú að einn aðili eða ein grein fyllir firðina. Þetta er ekki gott vinnulag og ekki gott fyrir neinn, ekki heldur eldisfyrirtækin.
- Árið 2017 setti Fjarðabyggð fram kröfu um að gera ætti skipulag fyrir strandsvæðið á vegum sveitarfélagsins. Nú heyrst minna í sveitarfélaginu um þessi mál.
- Það er ekki gott að stilla upp einni nýtingu gegn annarri. Þetta er ekki svo einfalt að annaðhvort sé fólk með eða á móti ákveðinni nýtingu.
- Nú er búið að veita leyfi og afmarka eldissvæði og erfitt er að fara til baka og afturkalla leyfin. Rétt væri að byggja leyfisveitingar á þekkingu og rannsóknum. Bent var á að gögn sem Hafrannsóknastofnunin nýtir til að byggja á við afmörkun eldissvæða séu ekki af nægum gæðum.
- Mikilvægt er að muna eftir búsvæðum fiska við skipulagsgerðina, sérstaklega við þróun fiskeldis.
- Áður var rætt um að hleypa ætti eldi hægt af stað og sjá hvernig reynslan af því yrði. Nú er hlaupinn æsingur í þetta. Í Seyðisfirði er t.d. talað um 10 þúsund tonna eldi. Græðgin er mesta áskorunin sem við glímum við í þessu samhengi.
- Mjög mikilvægt er að hafa í huga að gögn skortir. Við þurfum ekki að ljúka þessu skipulagsverkefni núna, það má hafa laus eða auð svæði vegna skorts á gögnum.

Einnig komu fundarmenn eftirfarandi ábendingum á framfæri í vefsjá:

- Sjókvíar geta hæglega haft áhrif á innsiglingu skemmtiferðaskipa, en á svæðinu sem mögulega kemur til greina fyrir sjókvíar mun óhjákvæmilega hægja á ferð skipa innan innri og ytri lögsögu hafnarinnar. Það gæti haft þær afleiðingar að skip sjái sér ekki fært að fara inn fjörðinn vegna takmarkaðs tíma.
- Líklegt þykir að Seyðisfjörður verði áfram vinsæll áfangastaður skemmtiferðaskipa og að aukning verði í komum þeirra til fjarðarins, miðað við þá eftirspurn sem verið hefur hingað til.
- Stærsta einstaka áskorunin við gerð skipulagsins verður að takast á við þá staðreynd að nú þegar hefur verið gefið út mikið magn af leyfum til fiskeldis í mörgum fjörðum á Austurlandi án þess að nokkuð skipulag hafi legið þar til grundvallar. Skipulagsgerðin verður því þeim annmörkum háð að önnur nýting og aðrir hagsmunir, sbr. smábátasjómenn, ferðaþjónustuaðilar, æðarbændur og fulltrúar verndarsvæða, hafa setið hjá meðan einum hagsmunaaðila hefur þegar verið gefið verulegt forskot er varðar nýtingu án þess að tillit hafi verið tekið til athugasemda frá öðrum hagsmunaaðilum.
- Fiskeldi andspænis friðun og ferðaþjónustu.
- Mikilvægt er að þrengja ekki að aðgengi meðfram ströndinni en á sama tíma þarf að passa upp á að aukinn ágangur ferðafólks valdi ekki náttúruspjöllum og skemmi fyrir upplifun heimamanna og gesta af svæðinu.
- Sjókvíaeldi er vissulega umdeild starfsemi og er að einhverju leyti mengandi. Sjókvíar eru jafnframt mannvirki sem stinga í stúf við upplifun ferðamanna af „óbyggðri“ náttúru og eru á skjön við þau

mannvirki sem nú þegar eru til staðar á svæðinu og hafa ríka menningarlega skírskotun. Út frá ferðaþjónustu getur uppbygging, t.d. af sjókvíum, þar af leiðandi haft neikvæð áhrif á orðspor og ímynd Seyðisfjarðar sem náttúruparadísar. Ef skaði verður á lífríki fjarðarins getur það haft neikvæð sjónræn áhrif.

- Áskoranirnar verða þær að setta ólík sjónarmið og hvernig skal ræða sig niður á í hverju hin raunverulegu verðmæti og gæði eru fólgin á skipulagssvæðinu – hvaða hagsmunir skulu vera ríkjandi til framtíðar á skipulagssvæðinu með sjálfbærni að leiðarljósi. Áskorunin á skipulagssvæðinu er því að komast að samkomulagi um hvaða meginforsendur og leiðarljós á að leggja til grundvallar við gerð skipulags á svæðinu.

Sjávarútvegur

Á samráðsfundinum kom eftirfarandi fram:

- Aðilar í sjávarútvegi hafa lengi haft áhyggjur af umfangi fiskeldis í Fáskrúðsfirði. Eldið í firðinum hefur aukist og uppi eru áform um frekara eldi.
- Aðilar í fiskeldi og hefðbundnum sjávarútvegi hafa verið ósammála um nýtingu fjarða, m.a. um staðsetningu eldis og umfang. Ekki hefur náðst að skapa sátt um þessi mál.
- Við verðum að vinna saman að lausnum en það er líka mikilvægt að segja hlutina eins og þeir eru. Ef áform um eldi ganga eftir á magn af eldisfiski eftir að aukast verulega í fjörðunum og því er ekki hægt að halda því fram núna að mengun sé ekki (og verði ekki) vandamál.
- Mikil mengun er vegna fiskeldis.
- Dæmi eru um að fiskvinnslur þurfi að sækja vatn út á firðina. Vatnsgæðin verða að vera í lagi.
- Smábátasjómenn og aðilar í fiskeldi nota sömu bryggjuna sem getur leitt til árekstra.
- Hafís er ein af þeim áskorunum sem nú eru uppi.
- Eldi virðist ekki hafa mikil neikvæð áhrif á fiskgengd í sjó. Eldi hefur verið hér í mörg ár og oft hefur verið mokveiði við kvíar. Stundum er sagt að líf sæki í líf.
- Eldiskvíar taka pláss en með samvinnu verða engin stór vandamál.
- Aðilar í eldi eru að læra á firðina.
- Mikilvægt er að skipulagið sé gert í sátt og samlyndi.
- Það þarf líka að horfa á málin út frá fiskvinnslunum.
- Skiptar skoðanir eru um áhrif fiskeldis á umhverfið (botn).
- Ekki hefur tekist að færa eldissvæði í Fáskrúðsfirði sunnar í fjörðinn eins og áætlað var.
- Eldisálag er í Fáskrúðsfirði.
- Náttúrustofa Austurlands sér um umhverfisvöktun fyrir eldisfyrirtæki. Rannsóknir stofunnar benda ekki til þess að uppsöfnun á botninum sé umtalsverð.
- Áskoranir eru til staðar og margt sem þarf að vernda en ákveðin vinna stendur yfir í þeim efnunum.
- Um 200 manns hafa atvinnu af eldi á Austfjörðum núna.
- Erfitt er að komast að veiðisvæðunum, t.d í Fáskrúðsfirði. Þorskur kemur lítið inn þar sem kvíar eru, en ýsan kemur að einhverju leyti inn í fjörðinn.

- Fiskeldinu fylgir mikil mengun. Við verðum vör við hana á okkar veiðum.
- Veiðisvæðin minnka með auknu fiskeldi.
- Mikilvægt er að fiskveiðar og fiskeldi geti farið saman í sátt og samlyndi.
- Horfa þarf til framtíðar, ekki bara á stöðuna eins og hún er núna. Áhættumat og burðarþol eru lifandi og uppfærast eftir því sem vitneskjan eykst.
- Skipulagið og ákvarðanir á að byggja á varúðarnálgun.
- Það virðist verða þungt í vöfum að breyta þessu skipulagi. Gera þarf ráð fyrir sveigjanleika strax í upphafi.

Hafnir, siglingar, efnistaka, orku- og fjarskiptastrengir og nýting sjávarjarða

Á samráðsfundinum kom eftirfarandi fram:

- Það þarf að gæta að því að skipulagið sé gert í sátt og samlyndi við alla. Við viljum að fiskeldið dafni en mikilvægt er að siglingaleiðir í fjörðunum séu greiðar. Mikilvægt er að leiðirnar verði ekki fyrir truflun af einhverri annarri nýtingu.
- Fyrirséð er að hagsmunaárekstrar verði á milli ferðaþjónustu, fiskeldis og sjávarútvegs. Má m.a. nefna fiskeldi í Seyðisfirði en þar hafa hressileg viðbrögð komið frá íbúum vegna áforma um eldi.
- Umferð vegna æðarræktar er takmörkuð. Þetta þarf að hafa í huga við skipulagsgerðina svo menn séu ekki að kássast upp á hver annan.
- Lífríkið er mikilvægt. Þarinn gegnir t.a.m. ákveðnu hlutverki í tengslum við loftslagsbreytingar, því hann tekur upp CO₂. Mikilvægt er að gæta þess að allt verði ekki rífið upp og tætt í stundargróða. Nú eru komin ný lög um þara og mikilvægt er að nýting verði ekki óheft.
- Uppi eru áhyggjur um eldisáform í Seyðisfirði. Það virðist sem fara eigi ansi nálægt streng Farice, við Vestdalseyri.
- Rarik er mest með einfasa gamlar loftlínur sem ekki duga fyrir fóðurprammana. Þessa þætti þarf að skoða samfara strengjavæðingu Rarik. Ákveða þarf hvar á að leggja sverari strengi. Sver strengur er líka dýr í rekstri, því það verða svokölluð töp í sverari strengjum. Óhagkvæmt er að leggja of granna strengi. Hugsa þarf um þessa rafvæðingu prammanna (frá landi) við skipulagsgerðina. Gera má ráð fyrir að hver prammi taki um 300-400 kW. Lega lagnanna ræðst af staðsetningu eldissvæðanna.
- Keðjur og búnaður sem tengist kvíunum ná út fyrir þær. Eldisaðilar verða að vera í góðu samráði við sæstrengjæigendur. Þetta eru ekki endilega hagsmunir veitufyrirtækjanna, því það myndast helgunarsvæði við strengina. Þetta hefur meiri áhrif á aðra aðila.
- Umferð fer vaxandi með aukinni notkun og nýtingu fjarðanna. Fiskeldi fer vaxandi og á svæðinu eru líka stór sjávarútvegsfyrirtæki.
- Það virðist gleymast að í öllum sveitarfélögum er skólp sett út í sjó. Líta má á skólp sem auðlind en fráveitan mengar mikið. Straumar skipta máli í þessu samhengi. Á Austfjörðum fara straumar inn að norðan (til hægri ef horft inn firðina) og út að sunnanverðu.

Einnig komu fundarmenn eftirfarandi ábendingum á framfæri í vefsjá:

- Mögulegir árekstrar á milli ferðaþjónustu, fiskeldis og sjávarútvegs.

Hvaða lausnir eru mögulegar vegna þeirra áskorana sem eru til staðar? Hvaða tækifæri eru til staðar til að efla svæðið til lengri tíma litið?

Ferðaþjónusta, útivist og náttúruvernd

Á samráðsfundinum kom eftirfarandi fram:

- Mikilvægt er að vel sé skilgreint hvaða nýting er leyfð á hverju svæði.
- Fiskeldið er líka mikilvæg grein. Ferðaþjónustan vill sjá eldið á ákveðnum stöðum en ekki út um allt. Skipta þarf svæðinu upp, t.d. ætti að hlífa eyðifjörðum eins og Hellisfirði og Viðfirði við fiskeldi.
- Hagsmunum okkar á Seyðisfirði er betur borgið með ferðaþjónustu en fiskeldi.
- Hafnaryfirvöld á Seyðisfirði hafa leitað lögfræðiálits vegna valdsviðs sveitarfélaga innan skilgreindra hafnarsvæða.
- Mikilvægt er að leyfisveitendur hafi samráð við hafnaryfirvöld.
- Bæta þarf merkingar fyrir ferðamenn.
- Við verðum að passa að eldið fái ekki of mikið rými og þrengi að annarri nýtingu. Taka þarf frá svæði þar sem eldi er ekki leyfilegt.
- Það má segja að tími sé kominn til að hleypa öðrum aðilum að borðinu, þ.e. öðrum en fiskeldi.
- Í skipulagsvinnunni verður að horfa til samspils náttúru og lands.
- Berufjörður er mikilvægur fjörður.
- Stefna Djúpavogs er mörkuð í gildandi aðalskipulagi og er mikilvægt að skoða það í tengslum við strandsvæðisskipulagið. Þar er m.a. fjallað um vernd.
- Mikilvægt er að hafa varúðarregluna í huga við skipulagsgerð og leyfisveitingar.
- Við verðum að muna að vernd er líka nýting. Það er misskilningur að svo sé ekki.
- Nú er mikilvægt að safna gögnum, byggja upp þekkingu og skrifa þessar upplýsingar inn í skipulagið. Stefna skipulagsins ætti líka að vera sú að auka rannsóknir á fjörðunum.
- Í skipulagsvinnunni er mikilvægt að ná til sem flestra. Þeir sem þekkja firðina best í dag eru sjómenn, t.d. trillusjómenn. Þeir vita hins vegar kannski ekki hvernig þeir eiga að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Við því þarf að bregðast.
- Við verðum að segja stöpp í bili við úthlutun svæða. Þeir sem hafa mikla peninga og sterk ítök í stjórnsýslunni valta yfir hina.
- Við verðum að horfa til lengri tíma en við gerum í dag. Fyrri nýting síldar og hvala eru dæmi um þetta og þörf áminning til okkar.
- Mikilvægast af öllu núna er að hægja á uppbyggingu fiskeldis. Eldið vex hraðar en þekkingin á afleiðingunum. Við vitum ekki nóg um viðfangsefnið. Búið er að burðarþolsmeta og áhættumeta firði en þetta eru umdeild vísindi. Áhættumat Hafrannsóknastofnunar hefur t.a.m. verið gagnrýnt. Leyfisveitingar eru eins og lóðaúthlutanir. Þekkt er að stórir aðilar geta haft mikil áhrif á skipulagsmál og skipulagsgerð, það á bæði við á landi og í sjó.
- Í skipulagsvinnunni þarf að afla allra nauðsynlegra fyrirbyggjandi gagna. Vistgerðir eru dæmi, t.d. fjöruvistgerðir.
- Við verðum að hafa í huga mikilvægi varúðarreglunnar.
- Það verður að vera samtalið við stofnanir í tengslum við skipulagsvinnuna.

- Staðbundin þekking er einnig mikilvæg. Búa þarf til stoðkerfi fyrir þá sem hafa eitthvað fram að færa í þessu verkefni. Það fara ekki allir inn á kortavefsjána til að miðla upplýsingum eða koma með ábendingar.
- Safna þarf nauðsynlegum gögnum og taka þau til greina við skipulagsgerð til lengri og skemmri tíma.

Einnig komu fundarmenn eftirfarandi ábendingum á framfæri í vefsjá:

- Um tækifæri til framtíðar ber að horfa almennt til fjölbreyttrar nýtingar. Vinna þarf sérstaka greiningarvinnu samhliða skipulagi. Þannig verða gæði skipulagsins háværkuð og það er leið til frekari sátta.
- Skipta svæðum skýrt en ekki blanda öllu saman á sama svæði.
- Skipulagðir göngustígar gætu verið ein lausnin til að stýra umferð göngufólks um svæðið og það hvetur til og styður við aukna útivist og náttúruupplifun í fjörðunum.
- Frá sjónarhorni ferðaþjónustunnar væri áhugavert að skoða möguleikann á því að vernda fjörðinn allan m.t.t. náttúruupplifunar og gera hann að „hæglætisfirði“.
- Mikil uppbygging hefur orðið í uppbyggingu gönguleiða og áhersla verið lögð á að upplifun ferðamanna (og heimamanna) af náttúru fjarðarins sé sem best, en Seyðisfjörður er skv. áfangastaðaáætlun Austurlands einn af seglum fjórðungsins.
- Öllum er kunnugt að fiskeldi er komið til að vera og að sú grein skapar störf og verðmæti en það gera einnig aðrar atvinnugreinar og nýtingaraðilar, s.s. smábátar, skemmtiferðaskip, ferðaþjónusta og æðarbændur. Í þessum efnum skal einnig hafa það hugstætt að mikil verðmæti felast einnig í vernd svæða og hún telst því mjög gildur nýtingarþáttur og er að auki atvinnuskapandi.

Sjávarútvegur

Á samráðsfundinum kom eftirfarandi fram:

- Aðilar í hefðbundnum sjávarútvegi búast við að eldið verði burðarrás í atvinnulífinu.
- Vinna þarf að samræmingu mismunandi nýtingar í sátt og samlyndi.
- Almenn er gott samstarf á milli sjómanna á smábátum og aðila í fiskeldi. Boðleiðir eru stuttar og málin eru leyst með einföldu samtali.
- Með samtali á milli aðila hefur tekist að samræma veiðisvæði (smærri báta) og eldissvæði. Eldissvæði hafa verið færð í samvinnu á milli eldisaðila og þeirra sem stunda veiðar.
- Sjóinntak hefur verið fært lengra frá eldissvæðunum (7,4 km fjarlægð) og ekki hefur orðið vart við mengun úr inntakinu eins og áður var.
- Mikilvægt er að skipuleggja við náttúruperlur og samræma nýtingu á svæðinu.
- Mikilvægt er að aðilar hittist, ræði saman og komi til móts við hver annan. Samspil og samtal skiptir miklu máli.
- Það er mikil vöktun og gott eftirlit með eldinu. Eldisfyrirtækin byggja á vísindalegum gögnum.
- Leggja þarf áfram áherslu á gott samtal við aðra aðila sem nýta fjörðinn.

- Mögulega þarf tilfærslur á eldissvæðum. Mikilvægt er að það sé sveigjanleiki til staðar.
- Sveigjanleiki þarf að vera við uppbyggingu þannig að hægt sé að eiga möguleika á tilfærslum eldiskvía.
- Við verðum að horfa á framtíðarnýtingu í þessari vinnu.

Hafnir, siglingar, efnistaka, orku- og fjarskiptastrengir og nýting sjávarjarða

Á samráðsfundinum kom eftirfarandi fram:

- Skýrt og gott skipulag skiptir miklu máli fyrir framtíðaruppbyggingu svæðisins. Notkun svæðisins þarf að vera vel skilgreind. Æskilegt er að skipulagsvaldið sé hjá sveitarfélögunum.
- Við þurfum virkilega að vanda okkur til að hlutirnir gangi upp án mikilla árekstra. Gott samráð er líka forsenda fyrir því að svo verði. Nýtingin verður að vera vel skilgreind.
- Er ekki eðlilegt að taka upp einhvers konar nágrannavernd á milli þeirra sem eru að starfa með stuttu millibili í fjörðunum?
- Samtök eigenda sjávarjarða vilja að tekið sé tillit til dýptarviðmiða við skilgreiningu netlaga. Jafnan er horft á að netlögin séu 115 m frá stórstraumfjöruborði. Dýptarviðmið miðast við 6,88 m dýpi og gildir um fiskveiðar og þaratekju. Það er reyndar minni munur á milli flóða og fjöru fyrir austan en vestan.
- Eflaust eru ótal tækifæri tengd svæðinu. Þar eru víða stórkostleg svæði.
- Samræma þarf skipalægi og legu strengja.
- Samráð við sjómenn hefur reynst dýrmætt við útsetningu strengja. Strengurinn í Seyðisfirði er gott dæmi um það. Skoðaður var möguleiki á landtöku við Höfn og í Seyðisfirði. Það voru árekstrar á Höfn en aðstæður voru betri í Seyðisfirði og þar var hægt að finna góða leið fyrir strenginn eftir samtal við sjómenn. Markmiðið er að hafa sem minnsta truflun.
- Í gildi eru lög sem banna veiðar við sæstrengi. Það þarf að hafa þetta í huga þegar leyfum er úthlutað.
- Við ákvörðun um legu strengjar í Seyðisfirði voru skipalægi skoðuð. Skip sem liggja fyrir akkerum geta rekið og þá viljum við ekki hafa strengi nálægt þeim. Þetta getur skapað hættu fyrir fjarskipta- og orkufyrirtæki. Lykilatriði er að skipalægi sé ekki of nálægt lögn.
- Strengir hafa almennt ekki áhrif á skipaumferð. Ekki er leyfilegt að draga veiðarfæri við strengi.
- Æðarvarp er ekki bara varpstaðirnir, heldur líka fæðuöflunarsvæði. Við megum ekki setja eldissvæði yfir þessi svæði.


Einnig komu fundarmenn eftirfarandi ábendingum á framfæri í vefsjá:

- Skýrt og gott skipulag með vel skilgreindum svæðum hvað uppbyggingu, vernd og notkun varðar.
- Æskilegt er að skipulagsvaldið á strandsvæðum sé sveitarfélaganna.
- Mikilvægt er að halda strengjum á ákveðnum svæðum, því þeir hafa áhrif á aðra starfsemi, m.a. veiðar.

Viðauki

Í viðauka eru birtar skýringar sem fylgdu ábendingum sem þátttakendur á samráðsfundum lögðu fram í kortavefsjá. Ábendingarnar eru þær sömu og birtar eru á kortum í 3. kafla. Til þess að auka læsileika korta hafa ábendingarnar verið settar fram á fleiri kortum en gert er í 4. kafla. Númer á kortunum vísa til ábendinga í töflu aftan við hvert kort.

Áfangastaðir ferðamanna



Númer á korti vísa til ábendinga í
töflu nr. 1

- ▲ Áfangastaðir ferðamanna
- ▭ Áfangastaðir ferðamanna
- ▭ Afmörkun skipulagssvæðis
- - - Sveitarfélagamörk
- ▭ Þéttbýli

Skipulagsstofnun


Byggt á gögnum af samráðsfundum sem haldnir voru í nóvember 2020

Tafla 1. Ábendingar við kort um áhugaverða ferðamannastaði

Nr.	Ábendingar	Staður
1	Gönguleið að Brimnesvita frá Selstöðum er einn af ferðamannasegnum innan fjarðarins.	Brimnesviti
3	Bílastæði og upphaf gönguleiðar að Skálanesi.	Bílastæði við Austdalsá
4	Sjósundaðstaða heimamanna og gesta þeirra. Héðan sést beint út á haf sem varð m.a. þess sem réði staðsetningunni.	Sjósundaðstaða
6		Upplýsingamiðstöð og Ferjuhús
7	Mjög vinsæl gönguleið sem gefur gott útsýni yfir fjörðinn. Er einn af áfangastöðum sveitarfélagsins sem er í sérstakri uppbyggingu.	Búðarárfoss
9	Fyrirhugað er að stofna siglingaklúbb Seyðisfjarðar, sem mun hafa aðsetur í Angró. Fjörðurinn þykir einstaklega hentugur til þess að bæði börn og fullorðnir geti siglt um fjörðinn.	Angró
10	Útsýnissvæði frá Bjólfi er eitt af áhersluverkefnum í ferðaþjónustu og unnið í samstarfi við Austurbrú. Líklegt þykir að svæðið geti orðið helsti segull Austurlands.	Útsýnissvæðið við Bjólf
11	Farfuglaheimili, veitingar, tjaldsvæði, gönguleiðir og útivist með ströndinni.	Berunes
12	Gistihús og samkomusalur, veitingar, bulsur o.fl.	Karlsstaðir - Havarí
14	Ferðaþjónusta, safn.	Berufjörður
15	Ferðaþjónusta, gisting og hreindýraleiðsögn, sláturhús.	Lindarbrekka
16	Friðlýst svæði í eigu ríkisins og í umsjá sveitarfélagsins, vinsæll áningarstaður ferðamanna.	Teigarhorn
17	Hótel við höfnina.	Hótel Framtíð
18	Skáli Ferðafélags Fljótaldshéraðs, mjög vinsæll áningastaður ferðamanna, mikill fjöldi gönguhópa fer um víknaslóðir m.a. með strandlengjunni.	Loðmundarfjörður
19	Skáli Ferðafélags Fljótaldshéraðs, vinsæll áningastaður gönguhópa á Víknaslóðir.	Húsavík
20	Skáli Ferðafélags Fljótaldshéraðs, vinsæll áningastaður gönguhópa á Víknaslóðum.	Breiðuvík
21	Einstakur staður.	Fuglabjarganes - einn af stöðum í áfangastaðaáætlun Austurlands
22	Einstakur áfangastaður.	Skjölfjörur - staður í áfangastaðaáætlun Austurlands
23	Einstakur staður.	Helgustaðanáma
24	Einstakur staður, ferðamannastaður.	Körin – náttúruböð
25	Teigarhorn friðlýst náttúruvætti, fólkvangur - friðlýst æðarvarp - vinsæll áningastaður ferðamanna. www.teigarhorn.is , www.djupivogur.is	Teigarhorn
26	www.teigarhorn.is	
28	Stefna sveitarfélagsins, greinargerð aðalskipulags. www.djupivogur.is	
29	Skipulag vegna ferðaþjónustu við Fossárvík. www.djupivogur.is	
31	Ferðaþjónusta að Karlsstöðum. http://www.havari.is	
32	Berunes, ferðaþjónusta. www.east.is	
33	Miklar fornleifar við verslunarstaðinn forna við Gautavík, rannsóknnum er ólokið. www.thjodminjasafn.is	
54	Einn vinsælasti ferðamannastaður á Seyðisfirði.	Skálanes og Skálanesbjörg
55	Brimnesviti	
56		Vestdalseyri og Vestdalur
61	Fjölþætt ferðaþjónusta og útivist, m.a. við strandlengju, æðarvarp einnig.	Berunes og Karlsstaðir
62	Ferðaþjónusta Fossárdal, vinsæll áningastaður við Þjóðveg við Nykurhyl og Sveinstekksfoss.	Eyjófsstaðir í Fossárdal
63	Hafskipabryggja í Gleðivík, minni skemmtiferðaskip leggja að, bátar frá fiskeldi og umskipanir. Við Gleðivík er mikið listaverk sem kallað er Egginn í Gleðivík og þar kemur mikill fjöldi ferðamanna á hverju ári til að skoða verkin.	Gleðivík
64	Ferðaþjónusta á Djúpavogi, verslun, gisting, söfn o.fl.	Djúpivogur

70	Glettinganesviti	Glettinganes
75	Fallegt bæjarsvæði, vinsæll áfangastaður á Austurlandi.	Stöðvarfjörður
76	Framtíðaruppbygging, lúxus ferðamennska, ferðamannaleið.	Heyklif og skriður (Hvalnes)
77	Göngusvæði og áfangastaður, einstakur staður.	Streitishvarf
78	Stapinn í Stapavík og ströndin sunnan Álftafjarðar er einstök náttúruperla og frábær viðkomustaður.	Stapavík
81	Ferðamannastaður, göngusvæði.	Páskahellir
82	Einstök lítil byggð.	Mjóifjörður
83	Einstakur staður, viti og veðurstöð.	Dalatangi
85	Sumarbústaðabyggð	
91	Svört strönd, áningastaður.	Meleyri
92	Friðland, áfangastaður.	Hólmanes
94	Kajak, sjóböð, veitingasala, skemmtibátar og útsýnissiglingar.	Miðbær Neskaupstaðar
95	Útsýnispallur við vita, gönguleiðir.	Norðfjarðarviti og fólkvangur
98	Menningarminjar, sjósport, Siglingaklúbbur Austurlands, safnasvæði.	Eskifjörður - Mjóeyri
99	Hólmar í Reyðarfirði, friðlýst svæði, æðarvarp.	Reyðarfjörður
101	Menningarminjar, franskur bærinn.	Fáskrúðsfjörður
102	Brugghús, menningarmiðstöð, frystihúsið, miðbæjaruppbygging.	Breiðdalsvík

Áhugaverð svæði



Númer á korti vísa til ábendinga í
töflu nr. 2


- ▲ Áhugaverðir staðir
- Áhugaverðar leiðir
- Áhugaverð svæði
- Afmörkun skipulagssvæðis
- Sveitarfélagamörk
- péttbýli

Tafla 2. Ábendingar við kort um áhugaverða staði og svæði

Nr.	Ábendingar	Staður
2	Gönguleið frá Selsstöðum að Brimnesvita er einn af helstu seglum í ferðaþjónustu í firðinum.	Selsstaðir
5	Ekki eru nema tveir bátar sem gera út frá smábátahöfninni. Hún er þó vinsælt myndefni ferðamanna.	Smábátahöfnin
8	Ein af perlum Seyðisfjarðar og hefur mikla sögulega skírskotun í menningararf fjarðarins.	Dvergasteinn
13	Matvælaframleiðsla, viðurkennt húsnæði til matvælaframleiðslu og tilraunaeldhús.	Karlsstaðir
30	Ferðaþjónusta að Bragðavöllum í Hamarsfirði. www.djupivogur.is	
34	Gautavík, sjálfbær framleiðsla, hampur, handverk o.fl. www.bbl.is	
35	Gönguleið	
36	Gönguleið	Austdalsá - Skálanesbjörg
37	Gönguleið að vinsælum áfangastað.	
38	Kajakræðarar út á fjörð um Lónið svokallaða.	
39	Ferðaþjónusta, akfær vegur til Loðmundarfjarðar.	Vegslóði milli Borgarfjarðar og Loðmundarfjarðar
40	Ferðaleið, Austurströndin.	Austurströndin
41	Ferðaleið, unnin af Austurbrú.	Flakkað um firði
42	Ferðaleið, unnin af Austurbrú.	Við ysta haf
43	Siglingaleið farþega-og bílferjunnar Norrænu ásamt miklum fjölda skemmtiferðaskipa.	
44	Gönguleið, útikennslusvæði.	Eskifjörður
45	Skemmtiferðaskip.	Eskifjörður
46	Áætlunarsigling Mjóifjörður – Neskaupstaður.	
47	Skemmtisiglingar með ferðamenn.	Norðfjörður
48	Kajaksiglingaleið í Páskahelli.	Norðfjörður
49	Kajaksiglingaleið, hellaskoðun.	Hellisfjörður
50	Kajaksiglingar, Skeleyri Hólmanes.	Eskifjörður
51	Útivist, róðrarleiðir.	
52	Útivist, róðrarleiðir.	Norðfjarðarflói
53	Útivist, róðrarleið með einstakri strandlengju.	Austfirðir
57	Mjög vinsæl gönguleið sem gefur gott útsýni yfir fjörðinn.	
58	Hafnsækin starfsemi.	
59	Kajaksiglingar hafa verið vinsæll afþreyingarmöguleiki í ferðaþjónustu og sem útivistarmöguleiki heimamanna. Fjörðurinn þykir lygn og góður fyrir bæði byrjendur og lengra komna til siglinga.	
65	Lega fyrir skemmtiferðaskip - gera má ráð fyrir að skipum haldi áfram að fjölga en árið 2019 voru þau 36 stór skip - þar sem þau leggjast fyrir föstu og gestir eru ferjaðir inn í Djúpavogshöfn.	Lega fyrir skemmtiferðaskip
66	Kirkja á Klyppstað.	Loðmundarfjörður
67	Bæjarstæði, í eyði, hús í einkaeigu, auk kirkju.	Húsavík
68	Minjasvæði	Kjólsvík
69	Minjasvæði	Kjólsvík
71	Skáli	Brúnavík
72	Sumarhús í einkaeign.	Loðmundarfjörður
73	Sumarhús í einkaeign.	Loðmundarfjörður
74	Falleg ferðamannaleið sem er einstaklega sjónræn.	Vegur milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar - strandlengja - Saxa sjávarhver

79	Ferðamannavegur	Vegur að Eystrahorni
80	Einstök gönguperla, https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/gerpissvaedi/ .	Gerpissvæði
84	Fjarðará er sjóbleikjuá sem rennur um Seyðisfjörð til sjávar. Neðsti hlutinn rennur í gegnum Seyðisfjarðarkaupstað. Auk sjóbleikjunnar veiðist nokkuð af laxi í henni. Besta veiðin er síðsumars.	Fjarðará í Seyðisfirði
86	Sveitabær	Dvergasteinn
87	Sveitabær	
88	Einstakur staður, göngusvæði. www.east.is	Stapavík –
89	Einstakt göngusvæði, mjög vinsælir staðir.	Perribjörg og Landsendi -
90	Einstakur ferðamannavegur.	Njarðvíkurskriður
93	Akkerislægi fyrir stærri skip.	Seyðisfjarðarhöfn
97	Sögulegar minjar, hvalveiðistöð.	Asknes

Náttúruvernd



Númer á korti vísa til ábendinga í
töflu nr. 3

- ▲ Staðir sem eru verndaðir eða ætti að vernda
- Áhugavert og viðkvæmt dýralíf
- Svæði sem eru vernduð eða ætti að vernda
- Afmörkun skipulagssvæðis
- Sveitarfélagamörk
- Þéttbýli


Skipulagsstofnun

Byggt á gögnum af samráðsfundum sem haldnir voru í nóvember 2020

Tafla 3. Ábendingar við kort um náttúruvernd

Nr.	Ábendingar	Staður
60	Æðarvarp, hlunnindi, fuglalíf, annað.	Kross
96	Æðavarp	Búland
100	Æðavarp	Seley
103	Gríðarlega fjölskrúðugt fuglalíf, náttúru- og menningarminjar, mikið lundavarp (annað stærsta á Austurlandi). Einnig verpur annar svartfugl (langvía og álka), þá er ritubyggð í Papey. Ferðapjónusta var í Papey en hefur legið niðri.	Papey
104	Leirur í Fossárvík og mikið fuglalíf auk sela. Fossá er fiskgeng, rennur út í Fossárvík. Æðarvarp er frá Lindarbrekku.	Fossárvík
105	Leirur við Berufjarðarbotn, mikið fuglalíf og selur, töluvert æðarvarp.	Berufjörður - Hvannabrekka
106	Umtalsvert æðarvarp og annað fuglalíf.	Kelduskógar
107	Friðlýst náttúruvætti og fólkvangur, friðlýst æðarvarp.	Teigarhorn
108	Eyfrejunes, á dagskrá friðlýsingar. Mikið og viðkvæmt fuglalíf, m.a. verpur bæði teista og bjargdúfa í Eyfrejunesi, friðlýst Æðarvarp er frá Eyfrejunesvík með ströndinni út að Æðarsteinsvíta. Hálsar og hálsarætur ofar.	Eyfrejunes að Æðarsteinsvíta - Hálsar
109	Friðlýst náttúruvætti, flikrubergr, vinsæll áningastaður ferðamanna.	Blábjörg á Berufjarðarströnd - Land í eigu Fagrahvamms
110	Hverfisverndað svæði vegna útivistar, mikið fuglalíf og tegundaríkt búsvæði fugla, vinsælasta útivistarsvæði heimamanna, sandarnir og eyjarnar.	Búlandsnes
111	Æðarvarp og selir, minjar, svæði á náttúruminjaskrá.	Þvottáreyjar og Hrómundarey
112	Áform um nánari vernd/friðun.	Búlandsnes
113	Vestdalur er á náttúruminjaskrá.	
114	Stærsta æðarvarp á Íslandi, atvinnuskapandi og sjálfbært, fullvinnsla æðardúns frá Loðmundarfirði er til staðar hjá fyrirtæki á Borgarfirði eystra.	Sævarendi - Loðmundarfjörður
115	Skálanes er sjálfstætt friðland og inniheldur sjálfstæð vistkerfi og búsvæði. Þúsundir fugla af um 47 mismunandi tegundum verpa á svæðinu. Æðavarp er á svæðinu. Innan friðlandsins eru að minnsta kosti 80 fornleifasvæði.	Skálanes
116	Hæsta standberg í sjó á Íslandi, brattir sjávarhamrar.	Norðfjarðarnípa


Sjávarútvegur



Tafla 4. Ábendingar við kort um sjávarútveg

Nr.	Ábendingar	Staður
12	Veiðar smærri báta, dragnótaveiðar, netaveiði, handfæri.	Berufjörður
14	Fiskeldi Austfjarða, eldissvæði samkvæmt mati á umhverfisáhrifum.	Stöðvarfjörður
15	Fiskeldi Austfjarða, eldissvæði samkvæmt mati á umhverfisáhrifum, tillaga A (varasvæði).	Háubakkar
16	Fiskeldi Austfjarða, eldissvæði samkvæmt mati á umhverfisáhrifum, tillaga B (varasvæði). Nær einnig yfir svæði samkvæmt tillögu A.	Háubakkar
17	Fiskeldi Austfjarða, eldissvæði samkvæmt mati á umhverfisáhrifum, tillaga (aðalsvæði).	Sörlastaðavík
18	Fiskeldi Austfjarða, eldissvæði samkvæmt mati á umhverfisáhrifum, tillaga (aðalsvæði).	Selstaðavík
19	Fiskeldi Austfjarða, eldissvæði samkvæmt mati á umhverfisáhrifum, tillaga (aðalsvæði).	Skálanesbót
20	Fiskeldi Austfjarða, breytt eldissvæði í samræmi við tilkynningu um breytingu á eldissvæðum og breytti útsetningaráætlun í Fáskrúðsfirði.	Eyri/Fagraeyri
21	Fiskeldi Austfjarða, breytt eldissvæði í samræmi við tilkynningu um breytingu á eldissvæðum og breytti útsetningaráætlun í Fáskrúðsfirði.	Höfðahúsabót
22	Fiskeldi Austfjarða, nýtt eldissvæði í samræmi við tilkynningu um breytingu á eldissvæðum og breytti útsetningaráætlun í Fáskrúðsfirði.	Einstígi
23	Fiskeldi Austfjarða, nýtt eldissvæði sem kemur í staðinn fyrir Hamraborg II sem verður lagt niður.	Gautavík
24	Fiskeldi Austfjarða, eldissvæði sem mun halda sér í óbreyttri mynd.	Hamraborg I
25	Fiskeldi Austfjarða, eldissvæðið Glímueyri/Svarthamarsvík mun ekki verða samtengt eldissvæði heldur verður því skipt upp í tvö eldissvæði.	Glímueyri
26	Fiskeldi Austfjarða, eldissvæðið Glímueyri/Svarthamarsvík mun ekki verða samtengt eldissvæði heldur verður því skipt upp í tvö eldissvæði.	Svarthamarsvík

Innviðir og önnur nýting



Númer á korti vísa til ábendinga í
töflu nr. 5

- △ Önnur nýting
- Siglingaleiðir
- Neðansjávarstrengir
- ▨ Siglingaleiðir
- Önnur nýting
- Afmörkun skipulagssvæðis
- - - Sveitarfélagamörk
- Þéttbýli

Skipulagsstofnun

Byggt á gögnum af samráðsfundum sem haldnir voru í nóvember 2020

Tafla 5. Ábendingar við kort um innviði og aðra nýtingu

Nr.	Ábendingar	Staður
1	Ljósleiðari Mílu, stengur til framtíðar.	Álftafjörður
2	Ljósleiðari Mílu.	Álftafjörður
3	Ljósleiðari Mílu, strengur til framtíðar.	Hamarsfjörður
4	Ljósleiðari Mílu.	Hamarsfjörður
5	Ljósleiðari Mílu, strengur til framtíðar.	Berufjörður
6	Ljósleiðari Mílu, strengur til framtíðar.	Berufjörður
7	Koparstrengur Mílu, á útleið á komandi árum.	Berufjörður
8	Koparstrengur Mílu, á útleið á komandi árum.	Berufjörður
9	FARICE, strengur til framtíðar.	Seyðisfjörður
10	Núverandi 36kV sæstrengur RARIK. Þennan streng þarf að endurnýja vegna aldurs. Tímasetning er ekki komin. Líklegast er að fyrir valinu verði lagnaleið til hliðar við þann gamla. 100-500 m frá.	
11	Siglingaleið smábáta um Sandeyjarál.	Frá Djúpavogshöfn
13	Fjölfarin siglingaleið fiski- og fraktskipa.	
27	EKKI eru nema tveir bátar sem gera út frá smábátahöfninni. Hún er þó vinsælt myndefni ferðamanna.	Smábátahöfnin
28	Algengar siglingaleiðir báta og skipa af öllum stærðum og gerðum.	Mynni Berufjarðar
29	Hrygningarsvæði þorsks.	Beruneshóll í átt að hólma
30	Hafnsækin starfsemi.	
31	Hafnaraðstaða, fiskvinnsla, smábátahöfn og viðlegukantur fyrir stærri skip.	Djúpavogur
32	Hafskipabryggja í Gleðivík, minni skemmtiferðaskip leggja að, bátar frá fiskeldi og umskipanir. Við Gleðivík er mikið listaverk sem kallað er Egginn í Gleðivík og þar kemur mikill fjöldi ferðamanna á hverju ári til að skoða verkið.	Gleðivík
33	Lega fyrir skemmtiferðaskip, gera má ráð fyrir að skipum haldi áfram að fjölga en árið 2019 voru þau 36 stór skip, þar sem þau leggjast fyrir föstu og gestir eru ferjaðir inn í Djúpavogshöfn.	

